



Árnesi, 23 mars, 2021

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202103-0006

## Fundargerð:

### Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps. Þjósárskóli.

Haldinn í Árnesi 23. mars 2021 klukkan 16:00

#### Viðstaddir

Anna K Ásmundsdóttir, Ástráður Unnar Sigurðsson, Bolette Hoeg Koch, Einar Bjarnason, Ingvar Þrándarson, Karen Kristjana Ernstsóttir, Kjartan H. Ágústsson, Kristófer A. Tómasson, Anna Flygenring boðaði forföll

#### Fundargerð:

\* \* \*

#### 1. Rekstur Þjósárskóla

Einar Bjarnason fór yfir rekstur skólans veturinn 2019-2020. Samanborið við fyrri ár eru engar stórar breytingar á rekstri skólans. Athugavert er að misræmi er milli þeirra upplýsinga um kostnað við skólann frá sambandi íslenskra sveitarfélaga samanborið við tölur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### 2. Skóladagatal

Skólastjóri fór yfir skóladagatal 2021-2022. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við dagatalið í þeirri mynd sem það er nú.

#### 3. Starfsfólk mönnun

Skólastjóri sagði frá breytingum á skipulagi starfsfólks. Einhverjar breytingar eru á mönnun skólans en þó ekkert til að hafa áhyggjur af. Bent var á mikinn kostnað við að auglýsa stöðu, leitað verður hagræðingar eins og hægt er.

#### 4. Íslensku menntaverðlaunin

Einar kynnti umsókn til íslensku menntaverðlaunin 2021. Tilnefningar skulu hafa borist fyrir 1. júní 2021.

#### 5. Önnur mál

Skólastjóri fór yfir skipulag skólaakstur og breytingar á honum næsta vetur. Skólanefnd mælir með að núverandi samningar við bílstjóra verði framlengdir um eitt ár en að því liðnu muni skólaakstur verða boðinn út.

Anna Kristjana Ásmundsdóttir spurðist fyrir hvort að árshátíð skólans sé opin öðrum í sveitarfélaginu heldur en foreldrum öðrum nátengdum. Bolette svaraði að svo hefur verið þó ekki þetta ár eða síðasta vegna covid heimsfaraldurs.

Fundi slitið kl. 16:49 Næsti fundur ákveðinn 27. apríl nk. kl 16.00.

Ingvar Þrándarson  
Anna K. Ásmundsdóttir

Einar Bjarnason  
Bolette Hoeg Koch  
Karen Kristjana Ernstsóttir  
Kjartan H. Ágústsson

Ástráður Unnar Sigurðsson

Anna Flygenring

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202103-0006

